



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 32/2014 um frágang innanhússlagna

I. Erindið

Með erindi, dags. 22. apríl 2014, barst Póst- og fjarskiptastofnun kvörtun Mílu ehf. gegn Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. (hér eftir GR) vegna brota á reglum Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir. Nánar tiltekið telur Míla ehf. að óheimilt sé að sjóða ljósleiðarastrengenda saman við innanhússlögn í húskassa, en þessu er nánar lýst í erindinu með svofelldum hætti:

„Míla hefur lagt áherslu á að frágangur húskassa verði að vera með þeim hætti að markmið reglnanna um jafnræði fjarskiptafyrirtækja nái fram að ganga. Þar af leiðandi hefur Míla ætíð lagt til lista/endatengi fyrir strengenda sín allt frá gildistöku reglnanna árið 2006. Hins vegar hefur komið fram að GR hefur talið sig ráða því hvort þeir skili strengenda sínum í endatengi eða sjóði hann beint við innanhússlögn. Það síðarnefnda telur Míla augljóst brot á reglum um innanhússlagnir...[...].“

Til stuðnings kvörtun sinni vísar Míla ehf. til tiltekinna ákvæða reglna nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir og sjónarmiða um jafnræði fjarskiptafyrirtækja, banni við aðgangshindrunum, vernd fjarskiptalagna, auk staðlanna ÍST 150 og ÍST 151 um frágang fjarskiptalagana. Í niðurlagi erindis Mílu ehf. gerir félagið eftirfarandi kröfu:

„Í samræmi við framangreint krefst Míla þess að PFS taki málið til meðferðar og mæli fyrir um að Gagnaveita Reykjavíkur skuli hér eftir fara að lögum og reglum er gilda um innanhússfjarskiptalagnir auk þess að mæla fyrir um að GR bæti úr þar sem frágangur í húskassa brýtur í bága við fjarskiptalög og þær reglur sem PFS hefur sett á grundvelli þeirra.“

II. Bréfaskipti og sjónarmið

2.1. Afstaða GR til kvörtunar Mílu

Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 28. júlí 2014, var GR boðið að tjá sig um fram komna kvörtun Mílu ehf. Svör GR bárust með bréfi, dags. 25. ágúst 2014, þar sem fram koma athugasemdir er varða annars vegar formhlið málsins, s.s. grundvöll málsins og lagaskilyrði fyrir aðkomu Póst- og fjarskiptastofnunar að málinu, og hins vegar að efnisatriðum á borð við framkvæmd félagsins á frágangi ljósleiðaralagna og skilningi þess á inntaki tiltekinna ákvæða

reglna nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir. Verða sjónarmið GR rakin í eftirfarandi köflum.

2.1.1. Um grundvöll máls og skilyrði til málsmeðferðar

Að álit GR leikur vafi á því á hvaða lagagrundvelli Póst- og fjarskiptastofnun sé að fjalla um þetta mál. Samkvæmt lögum nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, geti Póst- og fjarskiptastofnun annars vegar leyst úr deilumálum milli fjarskiptafyrirtækja, sbr. 9. gr. laganna, eða skorið úr um kvartanir neytenda á hendur fjarskiptafyrirtækis, sbr. 10. gr. laganna. Sé um að ræða hið síðarnefnda að þá telur GR að vafi leiki á því að Míla ehf. hafi raunverulegra hagsmuna að gæta.

Þá telur GR að Póst- og fjarskiptastofnun geti ekki leyst úr ágreiningi um túlkun staðals, en þeir eru í eðli sínu samkomulag á milli hagsmunaaðila um ákveðið verklag. Telji Póst- og fjarskiptastofnun það nauðsynlegt að skera úr um ágreining um frágang ljósleiðaralagna sé eðlilegast að það sé gert með reglusetningu á grundvelli 60. gr. fjarskiptalaga.

Af framangreindum sökum fer GR fram á að kröfum Mílu ehf. verði vísað frá.

2.1.2. Um framkvæmd GR við frágang ljósleiðarastrengja

Í bréfi GR er því lýst hvernig uppsetningu og frágangi á ljósleiðaratengingum er háttað, auk þess sem vísað er til viðskiptaskilmála félagsins þar að lútandi. Kemur m.a. fram að GR nýti sé heimild, sem leiða megi af 6. mgr. 6. gr. reglna Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir, til að setja upp eigin kassa, sem fjarskiptafyrirtækið kallar inntakskassa. Þá sé allur frágangur, sem staðsetningar og lagnaleiðir samþykkrar af húseigandanum fyrirfram, auk þess sem skýrlega sé kveðið á ábyrgðarskiptingu og eignahaldi inntakskassana og innanhúslagna að honum.

2.1.3. Ákvæði reglna nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir

GR bendir á að uppsetning lagnakerfa íbúðarhúsa gerir sjaldnast ráð fyrir innanhússljósleiðaralögnum, enda ekki gerð krafa um það á byggingartíma húsanna. Jafnframt beri að hafa í huga að reglur Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir séu komnar nokkuð til ára sinna. Reglurnar séu þannig gefnar út áður en ljósleiðaravæðing hófst að einhverju ráði og bera ákvæði þeirra merki þess, sbr. eftirfarandi:

- „...[l]eggja skal raflögn að húskassanum svo að hægt sé að koma fyrir í honum virkum fjarskiptarásun.“
- „Húskassar skulu vera jarðtengdir.“
- „Í húskössum skulu vera skinnur til þess að festa á tengilista bæði fyrir strengenda innanhússlagna og strengenda fjarskiptafyrirtækja.“

Um jafnræði

Varðandi jafnræðisreglu 5. gr. reglnanna að þá hafnar GR því að brjóta gegn henni. Önnur fjarskiptafyrirtæki geti með nákvæmlega sama hætti sett upp ljósleiðarainnahlögn sem tengist öðru almennu fjarskiptaneti og með samþykki húseiganda nýtt þær innanhúslagnir sem fyrir eru. Það að GR sjóði strengenda sinn saman við innanhúslögn í tengikassa í eigu félagsins takmarki ekki möguleika annarra fjarskiptafyrirtækja til að veita þjónustu í

viðkomandi húseign, auk þess sem bræðslusúða sé mjög algengur tengifrágangur sem hámarki afkastagetu ljósleiðarasambandsins og auki um leið gæði þjónustunnar.

Um frágang fjarskiptalagna

Í 6. gr. reglnanna er vísað til þess að við frágang fjarskiptalagna skuli fara eftir viðurkenndum stöðlum s.s. ÍST 150. GR bendir á að félagið fari eftir þeim staðli eftir því sem við eigi. En sé horft til umfangs og gildissviðs staðalsins, um að hann taki til lágspenns og smáspenns rafbúnaðar, að þá telji GR að hann taki ekki innanhússljósleiðaralagna.

Um húskassa

Varðandi ákvæði reglnanna um húskassa, sbr. 7. gr. þeirra, bendir GR á að ljósleiðaraheimtaug endi inni í inntakskassa sem sé í eigu GR. Eldri húskassar í húsum nýtist ekki til þessara þarfa. GR setji ekki upp sérstakan húskassa milli inntakskassa og netaðgangstækis GR. Hafnar félagið því málatilbúnaði Mílu ehf. um að brotið sé gegn ákvæði reglnanna um húskassa, þ.m.t. 3. mgr. 7. gr. þeirra.

2.2. Athugasemdir Mílu til sjónarmiða GR

Mílu ehf. var gefinn kostur á því að gera athugasemdir við sjónarmið GR, sbr. tölvupóst frá Póst- og fjarskiptastofnunar þann 27. ágúst s.l. Svar Mílu ehf. barst með bréfi, dags. 2. október s.l.

2.2.1 Um frávísunarkröfu GR

Hvað varðar frávísunarkröfu GR að þá mótmælir Míla ehf. henni. Vísar félagið til þess að það sé starfandi fjarskiptafyrirtæki sem bjóði fram aðgang að almennu fjarskiptaneti til allra fjarskiptafyrirtækja á jafnræðisgrundvelli. Míla ehf. eigi þannig bæði beinna og lögvarinna hagsmuna af því að aðgangur félagsins að innanhússfjarskiptalögnum sé ekki skertur af öðrum fjarskiptafyrirtækjum. Um sé að ræða ágreining milli fjarskiptafyrirtækja, um túlkun og beitingu á reglum nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir, sem leysa skuli úr á grundvelli 9. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

2.2.2. Frágangur ljósleiðaralagna

Varðandi efnisleg atriði að þá telur Míla ehf. að GR geti ekki firrt sig ábyrgð á því að virða reglur nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir eða gert húseiganda að samþykkja frávík frá þeim. Sé fallist á það að reglurnar séu frávíkjanlegar geti slík frávík aldrei varðað hagsmuni sem reglunum er ætlað að tryggja s.s. öryggi og jafnræði fjarskiptafyrirtækja. Míla ehf. mótmælir því að reglurnar taki ekki til ljósleiðaralagna, en reglurnar séu óháðar tækni og tilgangur þeirra m.a. að tryggja jafnræði fjarskiptafyrirtækja þannig að neytendur geti valið um þjónustu.

Að mati Mílu ehf. er einfaldasta lausnin, við frágang á ljósleiðaraenda, að fjarskiptafyrirtæki skili af sér streng í tengilista og innanhússlögn sé einnig á tengilista. Með því móti sé einfalt fyrir notanda að færa sig á milli fjarskiptafyrirtækja með einni línuslaufu. Að áliti Mílu ehf. sé núverandi frágangur GR á innanhússfjarskiptalögn til þess fallin að auka kostnað neytandans við að skipta um fjarskiptafyrirtæki.

2.2.3. Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar

Að lokum vísar Míla ehf. til hlutverks Póst- og fjarskiptastofnunar, samkvæmt 3. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, en þar segir m.a. að stofnunin skuli stuðla að samkeppni á fjarskiptamarkaði og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti m.a. með því að

vinna gegn hindrunum í vegi framboðs á fjarskiptanetum og stuðla að vernd neytenda í viðskiptum þeirra við fjarskiptarekendur.

2.3. Athugasemdir GR til sjónarmiða Mílu

Í bréfi GR, dags. 10. október 2014, eru gerðar athugasemdir við sjónarmið Mílu ehf. Að miklu leyti er um að ræða sömu sjónarmið sem höfðu áður komið fram í bréfi GR, dags. 25. ágúst 2014, en þau áréttuð í samhengi við fram komin sjónarmið Mílu ehf. Þykir því ekki vera tilefni til að reifa efni bréfsins ítarlega, heldur vísa stuttlega til þeirra sjónarmiða sem þar komu fram og skipta máli.

2.3.1. Um grundvöll málsins og aðkomu PFS að því

GR ítrekar þá skoðun sína að ekki sé um að ræða ágreining milli GR og Mílu vegna þessa máls. Um sé að ræða skiptar skoðanir tveggja hagsmunaaðila um frágang ljósleiðaralagna á vinnufundum í tengslum við endurskoðun staðals á vettvangi Staðlaráðs. Ágreiningur á vettvangi Staðlaráðs verði ekki borinn undir Póst- og fjarskiptastofnun og skiptir þar engu máli hvort Staðlaráð hafi óskað eftir úrskurði stofnunarinnar.

2.3.2. Hlúting við reglur nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir

GR ítrekar að það telji sig vera að fylgja reglum nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir. Félagið árétti á hinn bóginn að reglurnar endurspegli eldra tæknumhverfi og að þær séu frávíkjanlegar. Þessu til stuðnings er vísað til ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 26/2012.

2.3.3. Hagkvæmni og jafnfræði við veitingu fjarskiptaþjónustu

GR hafnar því að verklag þeirra hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir neytendur. Þvert á móti sé félagið að leggja innanhússlagnir neytendum að kostnaðarlausu gegn því að þeir gerist viðskiptavinir félagsins. Uppsetning á sérstökum inntakskassa, sem sé eigu GR, sé ódýr lausn fyrir neytendur. Ef fallist yrði á kröfur Mílu ehf. um frágang ljósleiðara í inntakskassa er ljóst að það myndi leiða til aukins kostnaðar fyrir neytendur. Að því er varðar uppsetninguna og fráganginn eru þessu nánar lýst, sbr. eftirfarandi:

„GR nýtir, sem áður segir, heimild skv. reglum PFS nr. 1109/2006 til að tengja ljósleiðaralögn í annan kassa en húskassa í skilningi reglnanna. Þannig er ljósleiðaralögn innanhúss lögð frá inntakskassanum og í einu lagi að netaðgangstæki. Í þessum tilvikum eru ekki tveir kassar til staðar og þar með er ekki forsenda til að leggja tengisnúru (línuslaufu) milli inntakskassa GR og húskassa hússins, líkt og Míla kvartar yfir í erindi sínu, dags. 2. október 2014.“

2.4. Upplýsingabeiðni um þjónustusvæði

Í tengslum við þetta mál taldi Póst- og fjarskiptastofnun gagnlegt að afla upplýsinga frá félögunum um þau svæði og fjölda tenginga þar sem bæði GR og Míla ehf. bjóða aðgang að ljósleiðaraheimtaug, sbr. tölvupósta sem sendir voru félögunum þann 20. nóvember 2014.

2.4.1. Svar GR

Svar GR barst með tölvupósti, dags. 27. nóvember 2014, svo hljóðandi:

„Hægt er að skilja/svara „heildarfjölda tenginga“ með nokkrum hætti.

En ef við tölum út frá fjölda heimila sem eru með ljósleiðaraheimtaug og geta nú þegar fengið þjónustu hjá þjónustuveitum um Ljósleiðarann þá eru þau nú

rúmlega 62 þúsund (af þeim eru um 26 þúsund með virka þjónustu). Við heimilin bætast svo öll fyrirtæki sem eru með fjölda heimtauga (í hundruðum fremur en þúsundum) og svo er fjöldinn allur af samböndum (tengingum) sem samtengja hin ýmsu kerfi fjarskiptafyrirtækja.

Dugir þetta?

Hvað varðar hvar Míla sé einnig með (alvöru) ljósleiðaratengingu á sama svæði (sömu hús) og GR þá erum við hreinlega ekki með það á hreinu.

Ef horft er til þeirra svæða þar sem Míla býður GPON þjónustu (sem byggir á ljósleiðaraheimtaugum), sbr. <http://mila.is/adgangsnet/ljosveitan/gpon/> þá er Gagnaveitan bara með ljósleiðara virkan í Lundi í Kópavogssvæði af þeim svæðum sem þarna eru nefnd, en eigum einnig rörakerfi í Úlfarsárdal, í Leirvogstungu og í Urriðaholti en höfum ekki tekið lagnakerfið í notkun á þeim svæðum.“

2.4.2. Svar Mílu

Svar Mílu ehf. barst með tölvupósti, dags. 25. nóvember 2014, svo hljóðandi:

„Míla hefur frá því í byrjun þessarar aldar lagt ljósleiðara í nýjum hverfum á höfuðborgarsvæðinu og þar sem verið þetta byggð á höfuðborgarsvæðinu, í samstarfspökkum þar sem veitur eru endurnýja eldri lagnir hefur Míla einnig lagt ljósleiðaraheimtaug frá því fyrir aldamót.

Míla getur afhent PFS kort sem sýnir ljósleiðaraheimtaug eða ljósrör sem síðar má blása ljósleiðaraheimtaug í, ef þess er óskað.

Míla hefur ekki yfirlit yfir það hvar ljósleiðaraheimtaugar Mílu og GR liggja saman en benda má á að upplýsingar má finna í Borgarvefsjá hvar lagnir GR liggja.

Ætla má að a.m.k. í öllum nýjum hverfum, nýjum húsum við þéttingu byggðar og þar sem lagnir hafa verið lagðar í sömu skurði vegna svonefndra samstarfspakka með öðrum veitum þá liggja lagnir Mílu og GR saman.

Míla gerir ráð fyrir að þessi fyrirspurn PFS sé í tengslum við erindi Mílu frá því í apríl sl. þar sem kvartað er yfir frágangi strengenda GR við innanhússlagnir sem er að mati Mílu andstæður fjarskiptalögum og afleiddum reglum þeirra, sbr. 60. gr. fjarskiptalaga og reglum nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir. Sé svo ekki er þess óskað að PFS upplýsi af hvaða tilefni upplýsinganna er óskað.“

III.

Samskipti um sáttafund

3.1. Beiðni Mílu um sáttafund

Í bréfi Mílu ehf., dags. 2. október 2014, var vísað til 1. mgr. 9. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun þar sem segir að í tilefni af ágreiningi milli fjarskiptafyrirtækja, sem skotið sé til Póst- og fjarskiptastofnunar, skuli stofnunin reyna að leita sátta með aðilum. Með

vísan til þessa var skorað á Póst- og fjarskiptastofnun að reyna ná sáttum í málinu. Með tilliti til þessa var eftirfarandi tölvupóstur, dags. 5. október s.l., sendur til GR:

„Eins og fram kemur í bréfi Mílu, dags. 2. október s.l., varðandi ágreining félagsins við GR um frágang á ljósleiðara í húskassa, að þá skorar félagið á PFS að leita sátta á milli deilenda.

PFS vísar sér ekki undan þeirri áskorun og býður GR því að tjá sig um mögulega sáttameðferð við Mílu. Ef af verður væri um að ræða sáttafund í húsakynnum PFS, undir stjórn starfsmanns stofnunarinnar, til að kanna grundvöll sátta milli aðila. Framhaldið yrði metið í kjölfar þess.

Hins vegar er ljóst að hvorugur máladaila getur ætlast til þess að PFS tjái sig um túlkun laga og reglna eða um sjónarmið aðila á slíkum fundi. PFS verður að varðveita hæfi sitt sem hlutlaus úrskurðaraðili ef ekki nást sættir á milli aðila.“

3.2. Afstaða GR til sáttafundar

Svar GR við mögulegum sáttumleitunum Póst- og fjarskiptastofnunar barst með tölvupósti, dags. 8. október s.l., svohljóðandi:

„Í svari okkar til PFS bentum við á að óljóst sé út frá erindi Mílu hvort um væri að ræða kvörtunarmál eða deilumál milli fjarskiptafyrirtækja, tæki PFS málið til afgreiðslu (frávísunar eða úrlausnar).

Út frá tillögu PFS um sáttafund dreg ég þá ályktun að stofnunin líti á málið sem deilumál milli fyrirtækja og muni taka málið til afgreiðslu sem slíkt. Er það rétt skilið?

Við hjá GR teljum hins vegar ekki um neina deilu milli aðila að ræða og í því ljósi ekki forsendur til sáttafundar. Á fundum um endurskoðun tæknistaðals hefur verið tekist á um texta og getum við ekki séð hvernig möguleg deila á þeim vettvangi geti tengst þessu erindi Mílu. Þá myndi ég ætla að kæmi til sáttafundar yrði óháður sáttasemjari að sitja slíkan fund, aðili sem gæti tjáð sig um efni málsins og myndi ekki skerða óhæði sitt ef kæmi til úrlausnar PFS.

Við munum svara síðasta bréfi Mílu fyrir lok föstudags sbr. bréf PFS dags. 4. okt.“

3.3. Forsendur til sáttafundar

Með tilliti til svars GR taldi Póst- og fjarskiptastofnun ekki vera grundvöll fyrir sáttumleitunum, auk þess sem tilefni væri til þess að leiðbeina GR um tilteknar forsendur málsins. Var GR sendur tölvupóstur, dags. 8. október, þessa efnis:

„Boð um sáttafund var sett fram að beiðni Mílu. Fyrir liggur erindi frá Mílu varðandi verklag GR, sem ekki er hægt að líta öðruvísi á en sem kvörtun. PFS mun skera úr um grundvöll málsmeðferðar og frávísunarkröfur GR með ákvörðun.

Í erindi Mílu er vísað til reglna PFS um frágang innanhússlagna. Gilda þær umfram staðla varðandi þau atriði sem þær fjalla um. Túlkun og beiting reglnanna

hefur ekkert að gera með yfirstandandi vinnu Staðlaráðs við endurskoðun staðalsins.

Reyndar er það svo að Staðlaráð hefur óskað eftir því við PFS að stofnunin skeri úr um þau atriði sem bent er á í erindi Mílu.

Með hliðsjón af svari þínu að þá er ég sammála þér um að grundvöllur sáttameðferðar sé ekki til staðar og væntir PFS svars GR við síðasta bréfi Mílu fyrir lok föstudags.“

Var Mílu ehf. sömuleiðis tilkynnt að ekki væri grundvöllur til sáttaumleitana og að málið yrði til lykta leitt með ákvörðun.

IV. Forsendur og niðurstaða

4.1. Lagaumhverfi

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 er Póst- og fjarskiptastofnun falið að hafa umsjón með fjarskiptum lögsögu íslenska ríkisins og hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Þá hafa verið sett sérstök lög um starfsemi og valdheimildir stofnunarinnar, sbr. lög nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, en þar eru jafnframt tilgreind þau verkefni sem stofnuninni ber að vinna að. Í 3. gr. laganna er þannig kveðið á um að Póst- og fjarskiptastofnun skuli stuðla að samkeppni á sviði póst- og fjarskiptaþjónustu og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti með því m.a. að vinna gegn röskun eða takmörkun samkeppni á mörkuðum fjarskipta- og pósthjónustu, sbr. a.-lið 2. töluliðar ákvæðisins. Enn fremur með því að taka þátt í þróun markaðar fyrir fjarskipta- og pósthjónustu og upplýsingatækni með því m.a. að vinna gegn hindrunum í vegi framboðs á fjarskiptanetum, aðstöðu og þjónustu sem þeim tengist og fjarskipta- og pósthjónustu og stuðla að því að gætt sé jafnræðis við meðhöndlun fjarskiptafyrirtækja og póstrekinda sem búa við sömu aðstæður, sbr. a. og c.-liði 3. töluliðar ákvæðisins.

Fjallað er um innanhússfjarskiptalagnir í 60. gr. fjarskiptalaga og er ákvæðið svohljóðandi:

„Fjarskiptalagnir í húsnæði áskrifenda, þ.m.t. húskassar, eru á ábyrgð húseigenda. Staðsetning húskassa og allar lagnir í byggingu skulu vera í samræmi við teikningar af byggingunni sem byggingareftirlit hefur samþykkt. Í fjöleignarhúsum skulu húskassar vera innsiglaðir eða læstir og þannig gengið frá lögnum að óviðkomandi eigi ekki greiða leið að einstökum fjarskiptalínum. Þegar fjarskiptafyrirtæki berst umsókn um þjónustu frá áskrifanda skal fjarskiptafyrirtæki eiga rétt á aðgangi að húskassa í viðkomandi byggingu til að tengja sig inn á hann og að lögnum viðkomandi áskrifanda. Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um frágang húskassa og lagna í þeim tilgangi að tryggja vernd fjarskipta og skilgreina aðgangsheimild fjarskiptafyrirtækja.“

Meginefni ákvæðisins er að mæla fyrir um ábyrgðarskil á milli netrekanda annars vegar og húseigenda hins vegar, en innanhússlagnir frá nettengingu í húskassa eru á ábyrgð húseigenda. Einnig er fjallað um öryggi húskassa og um rétt fjarskiptafyrirtækja til aðgangs að þeim, en gert er ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun setji reglur m.a. í þeim tilgangi að skilgreina nánar aðgangsheimild fjarskiptafyrirtækja.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur gefið út þær reglur sem 60. gr. fjarskiptastofnunar gerir ráð fyrir, þ.e. reglur nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir, en markmið þeirra samkvæmt 2. gr. er eftirfarandi:

„Markmið með reglunum er að tryggja vernd fjarskipta með því að stuðla að vönduðum frágangi innanhússlagna sem koma á í veg fyrir misnotkun á fjarskiptaþjónustu og að tryggja jafnræði fjarskiptafyrirtækja að því er varðar aðgang að innanhússlögnum.“

Nánar er fjallað um jafnræði í 5. gr. reglnanna, en þar segir eftirfarandi:

„Við hönnun og uppsetningu innanhússlagna skal þess gætt að öll fjarskiptafyrirtæki geti átt þess jafnan kost að veita notendum þjónustu og að notendur geti valið mismunandi fjarskiptafyrirtæki til að veita sér þjónustu.“

Þá er fjallað um frágang fjarskiptalagna í 6. gr. reglnanna, en í 1. mgr. hennar segir að frágangur innanhússlagna skuli vera í samræmi við viðurkennda staðla s.s. ÍST 150, auk þess sem sérstaklega er fjallað um frágang húskassa í 7. gr. reglnanna. Ekki þykir vera tilefni til að rekja efni þessara ákvæða heildstætt, heldur víkja eingöngu að þeirri málsgrein 7. gr. sem aðallega er deilt um í máli þessu, þ.e. 3. mgr. 7. gr., en hún er orðuð svo:

„Í húskössum skulu vera skinnur til þess að festa á tengilista bæði fyrir strengenda innanhússlagna og strengenda fjarskiptafyrirtækja. Í húskassanum skal vera pláss fyrir a.m.k. 3 lista fyrir strengenda fjarskiptafyrirtækja. Fjarskiptafyrirtækin leggja til lista fyrir strengenda sína. Þeim skal vera heimilt að setja lok yfir listann með læsingu eða innsigli. Áskrifendur tengjast fjarskiptafyrirtækjum með línulaufu milli viðkomandi lista.“

4.2. Afstaða til frávísunarkröfu GR

GR telur óljóst hvort að erindi Mílu ehf. sé tekið til meðferðar á grundvelli 9. gr. eða 10. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, auk þess sem ekki sé um að ræða ágreining milli aðila. Málið lúti að skiptum skoðunum hagsmunaaðila á vettvangi Staðlaráðs Íslands í tengslum við endurskoðun á ÍST staðli um frágang innanhússfjarskiptalagana. Slíkur skoðanamunur verði ekki borinn undir úrskurð Póst- og fjarskiptastofnunar sem ágreiningsmál.

Míla ehf. er skráð fjarskiptafyrirtæki sem starfar á fjarskiptamarkaði hér á landi, samkvæmt 4. gr. fjarskiptalaga. Það sama gildir um GR. Bæði þessi fyrirtæki eiga réttindi og bera skyldur samkvæmt fjarskiptalögum. Formlegt og skriflegt erindi Mílu ehf., dags. 22. apríl s.l., sem beinist gegn GR, fellur augljóslega ekki undir 10. gr. laga nr. 69/2003, sem varðar kvartanir frá neytendum, heldur á það undir 9. gr. laganna sem fjallar m.a. um ágreiningsmál á milli fyrirtækja sem reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu. Óumdeilt er að báðir aðilar málsins eru nokkuð umsvifamiklir rekendur almennra fjarskiptaneta og veita fjarskiptaþjónustu sem því tengist. Er því ljóst að 9. gr. laga nr. 69/2003 er því ótvíræð lagastoð fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til þess að taka erindi Mílu ehf. til efnislegrar meðferðar og úrslausnar.

Hvað varðar síðara atriðið, þ.e. að ekki sé um að ræða ágreining milli aðila, heldur sé um að ræða skoðanaágreining á vettvangi Staðlaráðs Íslands, að þá telur Póst- og fjarskiptastofnun að horfa verði til erindis Mílu ehf., dags. 22. apríl 2014, til að leggja mat á þetta. Í erindi Mílu ehf. er fundið að verklagi GR hvað varðar frágang á ljósleiðaraenda í húskassa og færð fyrir

Því rök að framkvæmdin fari í bága við reglur nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir í tilteknum tilvikum. Í lokamálsgrein erindisins eru settar fram tilteknar kröfur, annars vegar um að GR breyti framkvæmd sinni til samræmis við skilning Mílu ehf. á umræddum reglum og hins vegar að GR verði gert að framkvæma úrbætur í öllum þeim húskössum sem þegar hafa verið tengdir með ólögmetum frágangi.

Þegar lagt er mat á efni erindi Mílu ehf., þ.e. að verklag GR standist ekki reglur nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir, sem settar eru á grundvelli 60. gr. fjarskiptalaga, auk þess sem settar eru fram skýrar kröfur um breytta framkvæmd og úrbætur, sem telja verður íþyngjandi gagnvart GR, leikur enginn vafi á því að um sé að ræða ágreining milli aðila er getur varðað töluverða hagsmuni þeirra. Hér er ekki verið að vísa ágreiningi um endurskoðun á ÍST staðli um frágang innanhússfjarskiptalagna til meðferðar hjá Póst- og fjarskiptastofnun, heldur er vísað til tiltekinna ákvæða reglna sem settar eru á grundvelli fjarskiptalaga og Póst- og fjarskiptastofnun framfylgir og hefur eftirlit með, auk þess sem settar eru fram tilteknar kröfur sem geta haft skuldbindandi afleiðingar fyrir GR. Verður því ekki fallist á það með GR að ekki sé um að ræða ágreining milli aðila og því sé ekki hægt bera hann undir stofnunina til úrlausnar.

Samkvæmt öllu framangreindu er kröfu GR um frávísun á erindi og kröfum Mílu ehf. hafnað.

4.3. Afstaða til sjónarmiða

Í eftirfarandi köflum tekur Póst- og fjarskiptastofnun afstöðu til þeirra sjónarmiða málsaðila sem hafa þýðingu í málinu. Sjónarmið sem ekki er sérstaklega vísað til getur stofnunin annað hvort fallist á eða komist að niðurstöðu um að skipti ekki máli varðandi úrlausn málsins.

4.3.1. Um gildissvið reglna nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir

GR telur að reglur nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir taki ekki til innanhússlagna úr ljósleiðara. Reglurnar séu gefnar út áður en ljósleiðaravæðing hefjist að einhverju ráði, auk þess sem orðalag reglnanna og tilvísun í staðalinn ÍST 150 bendi til þess að reglurnar taki fremur til lágspenns og smáspenns rafbúnaðar, heldur en ljósleiðaralagna.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ekki fallist á framangreind sjónarmið að öllu leyti. Bendir Póst- og fjarskiptastofnun á að gildissvið reglna nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir er tæknilega hlutlaust og almennt orðað, sbr. 1. gr. þeirra:

„Reglur þessar taka til frágangs á innanhússlögnum fyrir fjarskipti, þ.m.t. húskassa, í íbúðar- og atvinnuhúsnæði og heimilda til aðgangs að lögnunum.“

Taka reglurnar þannig til allra tegunda innanhússlagna fyrir fjarskipti óháð tækni. Markmið reglnanna eru almenn og eiga við um allar tegundir innanhússlagna, sbr. 3. gr. reglnanna:

Markmið með reglunum er að tryggja vernd fjarskipta með því að stuðla að vönduðum frágangi innanhússlagna sem koma á í veg fyrir misnotkun á fjarskiptaþjónustu og að tryggja jafnræði fjarskiptafyrirtækja að því er varðar aðgang að innanhússlögnum.

Póst- og fjarskiptastofnun getur á hinn bóginn tekið undir með GR að orðalag einstakra ákvæða reglnanna taka mið af orðanotkun og hugtakafræði rafmagnsfræðinnar, sem á ekki alltaf við um ljósleiðaralagnir vegna mismunandi tæknilegra eiginleika. Helgast það af því verklag við frágang á koparlögnum með rafleiðni er orðið þekkt og að mestu staðlað.

Reglurnar eru því í samræmi við staðla og viðurkennt verklag varðandi frágang koparlagna. Því vísa reglurnar til viðeigandi staðals hvað það varðar. Það þýðir á hinn bóginn ekki að reglunar taki alls ekki til ljósleiðaralagna, sem er tiltölulega ný tækni og hefur ekki verið stöðluð með sama hætti.

Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar verður einmitt að ganga út frá því að sömu meginreglur gildi um frágang ljósleiðaralagna eftir því sem við verður komið. Þá er það ekki rétt að reglunar hafi verið settar án alls tillits til ljósleiðaralagna. Í 6. og 7. mgr. 6. gr. reglnanna, sem fjallar um frágang fjarskiptalagna, er sérstaklega vísað til ljósleiðaralagna. Í 7. mgr. 6. gr. kemur fram skýr og meðvituð hugsun um að sömu eiginleikar gildi ekki ávallt um ljósleiðara og aðrar fjarskiptalagnir, en þar er tekið fram að ljósleiðaralagnir þurfi ekki að vera aðskildar frá raflögnum. Því stoðar lítið að benda á að orðalag í 7. gr. reglnanna, þess efnis að húskassar skuli vera jarðtengdir, sem einhvers konar sönnun þess að reglurnar taki ekki ljósleiðaralagna.

Ef ætlunin hefði verið að undanskilja ljósleiðaralagnir frá þeim meginreglum sem gilda um vandaðan og aðgengilegan frágang lagna hefði þurft að kveða sérstaklega á um það. Það var ekki gert í reglunum og gilda þær almennt óháð tækni. Póst- og fjarskiptastofnun fellst því ekki á sjónarmið GR um að frágangur á ljósleiðarlögnum falli fyrir utan gildissvið reglna nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir.

4.3.2 Um viðskiptaskilmála og frávíkjanleika reglna nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir

GR vísar til þess að getið sé um verklag félagsins, þ.m.t. legu, staðsetningu og frágang innanhúslagna í viðskiptaskilmálum sem húseigandi samþykki. Félagið áréttar að reglurnar endurspegli eldra tækniumhverfi og að þær séu frávíkjanlegar. Þessu til stuðnings er vísað til ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 26/2012.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ekki tekið undir þessi sjónarmið að öllu leyti. Það er rétt sem getið er um í athugasemdum GR á öðrum stað að uppsetning lagnakerfa íbúðarhúsa geri sjaldnast ráð fyrir innanhússljósleiðaralögnum, enda ekki gerð krafa um það á byggingartíma húsa. Með tilliti til þessa er ljóst að reglur sem setja kröfur um frágang innanhúslagna, sem ekki er tekið tillit til á byggingartíma húseigna, geta aldrei gilt afdráttarlaust í öllum tilvikum. Ef svo ætti að vera þyrftu þær að vera bindandi á uppbyggingartíma húsa með sama hætti og byggingarreglugerð.

Þá þarf að horfa til þess hvaða hagsmuna reglurnar eru að verja og hvernig ábyrgð er skipt á milli fjarskiptafyrirtækis og húseiganda. Þótt reglurnar beinist að mestu að fjarskiptafyrirtækjum, hvað varðar verklag og þess háttar, er meginmarkmið reglnanna, að mati Póst- og fjarskiptastofnunar, að verja hagsmuni húseiganda um það að frágangur innanhússlagna sé vandaður og öruggur, auk þess sem að aðgangur fjarskiptafyrirtækja að innanhússlögnum sé aðgengilegur, bæði húseiganda og fjarskiptafyrirtækjum til hagsbóta.

Með tilliti til þess að markmið reglnanna er að verja hagsmuni húseiganda og að ábyrgð á innanhússlögnum frá húskassa er í höndum hans, hefur Póst- og fjarskiptastofnun talið að heimilt væri að víkja frá reglunum með samþykki húseiganda. Um þetta var m.a. fjallað í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 26/2012. Þar var þó sleginn sá varnagli að reglunar gætu ekki að öllu leyti verið frávíkjanlegar, t.d. varðandi atriði sem lúta að öryggi. Póst- og fjarskiptastofnun telur að það sama eigi við um réttindi þriðja aðila. Húseigandi getur ekki með samþykki sínu við eitt fjarskiptafyrirtæki takmarkað eða torvelað aðgang annars fjarskiptafyrirtækis að innanhússlögnum í sinni húseign. Hér er um að ræða meginreglu um

jafnræði sem sérstaklega er skráð í 5. gr. reglnanna og sækir sér stoð í grundavallarreglur fjarskiptaréttarins, sbr. eitt af þeim skyldubundnum verkefnum sem Póst- og fjarskiptastofnun ber að hafa að leiðarljósi, þ.e. að *vinna gegn hindrunum í vegi framboðs á fjarskiptanetum, aðstöðu og þjónustu sem þeim tengist*, sbr. a.-lið 3. töluliðar 3. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

Samkvæmt framangreindu eru reglur nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir ekki frávíkjanlegar varðandi frágang innanhússlagna sem talinn er takmarka rétt þriðja aðila, s.s. um jafnan aðgang og jafnræði fjarskiptafyrirtækja.

4.3.3. Skilgreiningar inntaks og húskassa

Skilja má athugasemdir GR á þann veg að félagið telji að 7. gr. reglna nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir eigi ekki við, þar sem ljósleiðaraheimtaug sé tengd í svokallaðan inntakskassa sem sé í eigu GR, en að það sé annar kassi en hefðbundinn húskassi sem ekki sé hægt að nota til þessara verka. Varðandi þetta sjónarmið horfir Póst- og fjarskiptastofnun til ummæla sem fram koma í bréfi GR, dags 10. október s.l., en þar segir:

„GR nýtir, sem áður segir, heimild skv. reglum PFS nr. 1109/2006 til að tengja ljósleiðaralögn í annan kassa en húskassa í skilningi reglnanna. Þannig er ljósleiðaralögn innanhúss lögð frá inntakskassanum og í einu lagi að netaðgangstæki. Í þessum tilvikum eru ekki tveir kassar til staðar og þar með er ekki forsenda til að leggja tengisnúru (línuslaufu) milli inntakskassa GR og húskassa hússins, líkt og Míla kvartar yfir í erindi sínu, dags. 2. október 2014.“

Miklu máli skiptir að skýrar og ítarlegar reglur gildi um samtengipunkt hins almenna fjarskiptanets við innanhússlagnir. Annars vegar vegna skilgreiningu á ábyrgðarskilum milli húseiganda og fjarskiptafyrirtækis og hins vegar vegna frágangs lagna, s.s. vegna aðgangs annarra fjarskiptafyrirtækja, öryggis, viðhalds og breytinga á uppsetningu fjarskiptatenginga. Af þessum sökum eru lykillugtök sem þetta varða skilgreind í reglunum, sbr. 3. gr. reglnanna:

„[...]

Húskassi: *Kassi sem staðsettur er við inntak heimtauga eða annarra fjarskiptastrengja sem tengja áskrifendur í ákveðinni byggingu við hið almenna fjarskiptanet og þar sem tenging á sér stað milli hins almenna fjarskiptanets og innanhússlagna.*

[...]

Inntak: *Staður þar sem strengur í almennu fjarskiptaneti er tekinn inn í byggingu.“*

Af framangreindu má ráða að að húskassi sé þar sem tenging á sér stað milli hins almenna fjarskiptanets og innanhússlagna. Skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða kopar- eða ljósleiðaraheimtaug. Ef fleira en eitt almennt fjarskiptanet tengist húsi, t.d. bæði kopar- og ljósleiðaraheimtaug, er um að ræða tvö inntök, sem geta verið staðsett á sama stað eða ekki. Kassi utan um samtengipunkt milli hins almenna fjarskiptanets og innanhúslagnar telst því vera húskassi í skilningi reglnanna. Í tilviki GR má þó líta svo á að ekki sé settur upp eiginlegur húskassi sem hýsi inntakið og samtengipunktinn. Skortur á eiginlegum húskassa breytir þó ekki því að samtenging innanhússlagnar við inntak hins almenna fjarskiptanets þarf að uppfylla kröfur sem tilgreindar eru í 7. gr. reglna nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir. Þá er ekkert í reglunum sem kemur í veg fyrir að um sé að ræða tvo húskassa, þ.e. ef inntak tveggja almennra fjarskiptaneta er ekki á sama stað.

Samkvæmt framangreindu skal samtenging innanhússlagnar við inntak ljósleiðaraheimtaugar GR uppfylla skilyrði 7. gr. reglna nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir, t.d. hvað varðar staðsetningu og frágang lagna.

4.4. Afstaða til kröfu Mílu um frágang

Hér að framan hefur því verið slegið föstu að reglur nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir eigi við um frágang ljósleiðaralagna og að samtenging innanhússlagnar við inntak ljósleiðaraheimtaugar GR þurfi að uppfylla skilyrði 7. gr. reglnanna. Því næst þarf að taka afstöðu til þess hvernig beri að standa að frágangi og tengingu strengenda ljósleiðaraheimtaugar við innanhúslögn. Um leið er tekin afstaða til kröfu Mílu ehf. hvað þetta varðar.

Í þessu máli er um það deilt hvort að það fái samrýmst kröfum 7. gr. reglnanna að sjóða saman strengenda ljósleiðaraheimtaugar við innanhúslögn. Í þessu sambandi reynir á ákvæði 3. mgr. 7. gr. reglnanna, sem er svohljóðandi:

„Í húskössum skulu vera skinnur til þess að festa á tengilista bæði fyrir strengenda innanhússlagna og strengenda fjarskiptafyrirtækja. Í húskassanum skal vera pláss fyrir a.m.k. 3 lista fyrir strengenda fjarskiptafyrirtækja. Fjarskiptafyrirtækin leggja til lista fyrir strengenda sína. Þeim skal vera heimilt að setja lok yfir listann með læsingu eða innsigli. Áskrifendur tengjast fjarskiptafyrirtækjum með línuslaufu milli viðkomandi lista.“

Eins og sjá má af orðalagi ákvæðisins er gert ráð fyrir að strengendi heimtaugar sé tengdur í tengilista sem innanhúslögn tengist síðan við. Sé um að ræða einn aflokadan húskassa (eða skáp) skal vera pláss fyrir a.m.k. 3 slíka lista. Þetta á ekki allskostar við ef inntök tveggja eða fleiri almennra fjarskiptaneta eru staðsett á mismunandi stöðum í húsi. Sé síðasti málsliður ákvæðisins skoðaður kemur berlega í ljós hver tilgangurinn er með kröfu, um að settur sé upp tengilisti, en það er til þess að áskrifendur geti tengst fjarskiptafyrirtækjum með línuslaufu (tengisnúru) milli viðkomandi lista. Skiptir þá í sjálfu sér ekki máli, hvort listarnir séu staðsettir í sama skáp eða hvort einhver fjarlægð sé á milli þeirra. Getur þetta verið breytilegt eftir aðstæðum hverju sinni, en GR hefur t.d. upplýst að húskassar sem fyrir eru nýtist ekki sem inntak fyrir ljósleiðaraheimtaugar. Það breytir hins vegar ekki því að húseigandi á að geta flutt tengingu innanhússlagnar úr tengilista GR yfir í tengilista annars fjarskiptafyrirtækis á einfaldan hátt með línuslaufu.

Samkvæmt framansögðu ber GR að tengja strengenda ljósleiðaraheimtaugar við tengilista. Af þessu leiðir að GR er óheimilt að sjóða saman strengenda ljósleiðaraheimtaugar við innanhúslögn.

4.5. Afstaða til kröfu Mílu um úrbætur

Hér að framan hefur verið leyst úr því að GR ber að tengja strengenda ljósleiðaraheimtaugar við tengilista og er því óheimilt að sjóða strengenda sinn saman við innanhúslögn húseigenda. Það verklag sem GR hefur stuðst við undanfarin ár, varðandi frágang ljósleiðarastrengja, er í andstöðu við framangreindar kröfur. Af þeim sökum er ljóst að frágangur tugþúsunda tenginga uppfylla ekki kröfur 7. gr. reglna nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir.¹ Í ljósi

¹ Samkvæmt frétt á vef Gagnaveitunnar frá janúar á þessu ári þá nær þjónustan til 60 þúsund heimila.

efnislegrar niðurstöðu þessarar ákvörðunar, um hvernig beri að ganga frá ljósleiðaraheimtaug í húskassa, er ljóst að taka þurfi afstöðu til kröfu Mílu ehf. um að GR framkvæmi úrbætur á öllum þeim tengingum sem þegar hafa verið settar upp.

Af þessari ákvörðun leiðir að GR þarf framvegis að breyta verklagi sínu og aðlaga það að kröfum 7. gr. reglna nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir. Niðurstaða um það hvaða afleiðingar ákvörðunin eigi að hafa á tengingar sem þegar hafa verið settar upp, og þá um leið afstaða til kröfu Mílu ehf., verður að vera í samræmi við meðalhóf og styðjast við skynsemis- og sanngirnirök.

Þeir hagsmunir sem felast í réttum frágangi á ljósleiðaraenda í húskassa, þ.e. að það sé aðgengilegt og einfalt fyrir húseiganda að færa tengingu innanhúslagnar sinnar frá fjarskiptaneti eins netrekenda yfir í net annars netrekenda, á aðallega við ef tveir eða fleiri netrekendur eru að bjóða húseiganda aðgang að sams konar fjarskiptaneti, í þessu tilviki ljósleiðaraneti. Þessi staða er ekki uppi á íslenskum fjarskiptamarkaði, eins og sakir standa, nema í takmörkuðu mæli.

GR hefur undanfarin ár verið að keppa að því markmiði að ljósleiðaravæða öll heimili og vinnustaði í Reykjavík og í sumum tilvikum í nærliggjandi sveitarfélögum. Míla ehf. hefur aftur á móti ekki staðið í slíkri uppbygginu, heldur markað sér þá stefnu að leggja ljósleiðarheimtaugar í nýjum hverfum Reykjavíkur og í nærliggjandi sveitarfélögum.

Af svörum beggja félaga um þau svæði þar sem ljósleiðaraheimtaugar þeirra liggja samhliða má ráða að ekki eru til fyrirbyggjandi tölur um fjölda tenginga eða nákvæm kortlagning á svæðum hvað þetta varðar. Af svörum Mílu ehf. má ætla að félagið hafi alla jafna ekki lagt, eða a.m.k. ekki kerfisbundið, ljósleiðarheimtaugar í hverfum sem hafa byggst upp fyrir aldamótin. Að áliti Póst- og fjarskiptastofnunar skiptir ekki máli að áætla eða greina nákvæmlega fjölda tenginga sem liggja samhliða á þjónustusvæði beggja félaga á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar má strax álykta út frá upplýsingum frá Mílu ehf. að stór og fjölmenn hverfi Reykjavíkur og nágrennis séu ekki tengd ljósleiðaraheimtaug frá Mílu ehf. Sé horft til þessa og samanborið við svar GR um að einungis í hverfi Lundar í Kópavogi séu til staðar virkar ljósleiðaraheimtaugar GR til hliðar við ljósleiðaraheimtaugar Mílu ehf. má álykta að samhliða framboð GR og Mílu ehf. á ljósleiðarheimtaugum sé hverfandi hluti af heildarfjölda tenginga í Reykjavík og nágrenni.

Samkvæmt framangreindu telur Póst- og fjarskiptastofnun að ekki sé til staðar fyrirbyggjandi þörf eða brýnir hagsmunir Mílu ehf., eins og sakir standa, um að GR verði gert skylt að ráðast í stórfelldar framkvæmdir um úrbætur á tengingum sem þegar hafa verið settar upp. Hitt er aftur á móti ljóst að ábyrgð á tjóni vegna ófullnægjandi eða rangs frágangs á ljósleiðaralögnum hvílir á GR. Er því eðlilegt að GR beri kostnað af úrbótum á tengingu sem þegar hefur verið sett upp, í þeim tilvikum sem önnur virk ljósleiðarheimtaug er til staðar eða verður sett upp í framtíðinni, og að þá liggi fyrir skrifleg staðfesting húseiganda um flutning úr neti GR yfir í net Mílu ehf. Telur Póst- og fjarskiptastofnun að það geti verið sanningsatriði milli félaganna hvernig bætur verði útfærðar, t.d. staðlaðar bætur fyrir hverja tengingu og hvernig verði staðið að framkvæmdinni að öðru leyti, ef framangreind skilyrði eru fyrir hendi, þ.e. að Míla ehf. geti boðið fram þjónustu á samhliða ljósleiðaraheimtaug og að húseigandi hafi gefið skriflega staðfestingu á því að vilja færa sig yfir í þjónustu til Mílu ehf.

4.6. Samandregin niðurstaða

Í máli þessu er það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að ágreiningur Mílu ehf. um frágang á ljósleiðaraheimtaug í húskassa varði við ákvæði laga um fjarskipti nr. 81/2003, sbr. 60 gr. þeirra og reglna sem settar á grundvelli laganna nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir, og að stofnunin sé bær til að skera úr ágreiningnum á grundvelli 9. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Af þessum sökum er frávísunarkröfu GR hafnað.

Það er niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að þrátt fyrir að orðalag reglna nr. 1109/2006, um innanhússfjarskiptalagnir, endurspegli að sumu leyti hugtakanotkun í rafmagnsfræði og þær vísi til staðalsins ÍST 150, séu þær tæknilega hlutlausar og hafi að geyma tilteknar meginreglur um frágang innanhússlagna sem ekki sé unnt að víkja frá.

Á grundvelli þess að reglur nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir taka til málsins var það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að samtenging innanhússlagnar við inntak ljósleiðaraheimtaugar GR skuli uppfylla kröfur 7. gr. reglnanna, t.d. um staðsetningu og frágang.

Við túlkun á ákvæði 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir var það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að GR bæri að tengja strengenda ljósleiðaraheimtaugar við tengilista. Samkvæmt þessu er GR óheimilt að sjóða saman strengenda ljósleiðaraheimtaugar við innanhúslögn.

Hvað varðar kröfu Mílu ehf. um að GR yrði gert skylt að framkvæma úrbætur á öllum þeim tengingum sem þegar hafa verið settar upp og uppfylla ekki kröfur um réttan frágang var það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að hvorki þörf né brýnir hagsmunir Mílu ehf. stæðu til þess að leggja slíka skyldu á GR. Hins vegar væri ljóst að ábyrgð á tjóni vegna ófullnægjandi eða rangs frágangs á ljósleiðaralögnum hvílir á GR. Af þessum sökum væri því eðlilegt að GR bæri kostnað af úrbótum á tengingu sem þegar hefur verið sett upp, í þeim tilvikum sem önnur virk ljósleiðaraheimtaug er til staðar eða verður sett upp í framtíðinni, og fyrir liggi skrifleg staðfesting húseiganda um flutning úr neti GR yfir í net Mílu ehf.

Ákvörðunarorð

Kröfu Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. um frávísun á kröfu Mílu ehf. er hafnað.

Frágangur á ljósleiðaralögn Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. og samtenging hennar við innanhússlögn fellur undir gildissvið reglna nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir.

Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. ber að tengja strengenda ljósleiðaraheimtaugar við tengilista. Óheimilt er að sjóða saman innanhússlögn við strengenda ljósleiðaraheimtaugar við inntak hennar.

Gagnaveita Reykjavíkur ehf. ber kostnað við úrbætur á frágangi strengenda ljósleiðaraheimtaugar að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

- a. Að virk ljósleiðaraheimtaug annars netrekanda liggi inn í húseign.**

b. Húseigandi hefur skriflega staðfest að vilja færa sig úr þjónustu Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. yfir í net annars netrekanda.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmál.

Póst- og fjarskiptastofnun, 1. desember 2014

Hrafnkell V. Gíslason

Björn Geirsson